



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 3. júlí 2024

USK24050182

UMSÖGN

Umsögn fulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, íbúasamtaka, foreldrafélaga og slembivalins íbúa íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um breytingu á deiliskipulagi um Elliðaárdal nr. 0657/2024

Skipulagslýsingin sem um er rætt nær yfir svæði frá Árbæjarstíflu upp fyrir Blásteinshólma og neðan frá stíflunni meðfram Rafstöðvarvegi að Elliðaárvirkjun og er markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að uppfæra deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn í kjölfar tæmingar Árbæjarlóns og endurheimt árfarvegs og lífríkis. Skipulagið er því bæði eðlilegt og nauðsynlegt framhald vinnu síðustu ára og þeirrar breytingar sem orðið hefur á ásynnd dalsins. Enn fremur er um nauðsynlegt framhald að ræða á þeirri vegferð sem nú hefur verið staðfest með undirritun samnings á milli OR og Reykjavíkurborgar um skil OR á vatnsréttindum Elliðaáa. Íbúaráðið tekur undir ályktun Íbúaráðs Breiðholts á mikilvægi þess að kortleggja stofnstíg hjólreiða sem liggur núna úr 111 niður Höfðabakkann frá gatnamótum Vesturhóla þegar svæðið er unnið enda um að ræða mikilvæga stofnbrautartengingu hjólreiðafólks úr 111 inn á net Elliðaárdalsins og upp á Höfðabakka aftur. Þverun milli Árbæjar og Breiðholts þarf að vera greiðfær, örugg og góð. Því þarf að liggja fyrir hvort stofnstígurinn liggji um upplifunarbrúnna á stoðum stíflunnar eða hvort ný samgöngubrú verði byggð. Sé ætlunin að byggja sérstaka samgöngubrú við hlið Höfðabakkabráar eins og nú er gert ráð fyrir í skipulagi telur íbúaráðið afar mikilvægt að slíkt verði gert með þeim hætti að það rýri ekki frekar ásynnd svæðisins. Íbúaráð telur mikilvægt að fjölgað verði háum bekkjum í þágu eldra fólks í dalnum sem og drykkjarfontum. Íbúaráðið leggur áherslu á að hugað verði að sérstökum áningarstað við vatnsinntak pípunnar, neðan stíflunnar Árbæjarmegin. Þar er þegar manngerður veggur og lygna í ánni þar sem fólk staldrar við og horfir á fuglalífið. Þessa aðstöðu þarf að bæta og stækka íbúum sem og andfuglum árinna til bóta. Það er aukin heldur í samræmi við tillögur stýrihóps¹ sem skipaður var um framtíðarsýn Elliðaárdalsins en þar voru mikilvægar tillögur lagðar fram sem koma inná þá þætti sem deiliskipulagsbreytingin kemur inn á eins og aðgengi allra að dalnum, mótvægisaðgerðir í þágu lífríkis og grænar yfirborðslausnir í þágu árinna.



Reykjavík